



Þekkingarnet
Þingeyinga

ÁRSSKÝRSLA 2018

ÁSAMT STARFSÁÆTLUN 2019



Febrúar 2019

Febrúar 2019

Þekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Lokaráðstefna CRISTAL Evrópuverkefnisins á Húsavík
Frá opnun Mikleyjar – þekkingarseturs í Mývatnssveit
Af skyndihjálparnámskeiði
Háskólanemar við rannsóknastörf á Húsavík

Myndir:

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga

Ábyrgð/ritstjórn:
Óli Halldórsson

ISSN: 1670-813X

EFNISYFIRLIT

1	FRÁ FORSTÖÐUMANNI	1
2	STJÓRN OG STARFSFÓLK	2
2.1	STARFSMANNAHALD: HELSTU TÖLUR	2
2.2	STARFSFÓLK	3
2.3	SKIPURIT	4
2.4	STJÓRN	5
3	HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI	6
3.1	AÐSTADA: HELSTU UPPLÝSINGAR	6
3.2	STARFSSVÆÐI	6
4	SÍMENNTUNARSVIÐ	10
4.1	SÍMENNTUN: HELSTU TÖLUR	10
4.2	ÁHERSLUR Í NÁMI	10
4.3	KYNJAHLUTFALL Í SÍMENNTUN	12
4.4	NÁMSLEIÐIR FA	13
4.5	ÖNNUR NÁMSKEIÐ	13
4.6	ÞRÓUNARVINNA, GÆÐAMÁL	14
5	NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	15
5.1	RÁDGJÖF: HELSTU TÖLUR	15
5.2	KYNNINGAR Á VINNUSTÖÐUM	16
5.3	KYNNING Á NÁMS- OG STARFSRÁDGJÖF ÁSAMT KYNNINGU Á NÁMSLEIÐUM FA	16
5.4	RÁDGJÖF	16
6	HÁSKÓLANÁMSSVIÐ	18
6.1	HÁSKÓLAÞJÓNUSTA: HELSTU MARKMIÐ	18
6.2	NÁMSVER OG ÞJÓNUSTA	19
6.3	FJARPRÓF	20
7	RANNSÓKNASVIÐ	21
7.1	RANNSÓKNIR: HELSTU MARKMIÐ	21
7.2	RANNSÓKNASTARFSEMIN	24
7.3	YFIRLIT VERKEFNA Á RANNSÓKNASVIÐI	26
8	KYNNING	27
8.1	FRAMSGÖGUR OG FYRIRLESTRAR	27
9	STARFSEMI Í MYNDUM	28

1 FRÁ FORSTÖÐUMANNI

Árið 2018 hefur reynst Þekkingarnetinu viðburðaríkt. Eftir aðhaldsaðgerðir liðinna ára var að nokkru leyti hægt að snúa vörn í sókn og hefur velta stofnunarinnar ekki verið meiri í annan tíma. Eftir fækkun starfsfólks á liðnum árum var auglýst og ráðið í ný störf hjá stofnuninni á vordögum, þ.e. störf náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra í nýrri starfsstöð Þekkingarnetsins í Mývatnssveit.

Nokkur viðfangsefni urðu viðameiri en fyrirséð var á árinu 2018. Þetta árið var það öðru fremur á rannsóknasviðinu sem verkefni reyndust umfangsmeiri en vanalega. Munar þar eina mest um alþjóðlegu rannsóknna-/þróunarverkefni, sem reyndust verða fjögur á árinu, Erasmus plus verkefni “CRISTAL” og “Sustain-It” langstærst af þeim. Hinu fyrrnefnda lauk um áramót 2018/2019 eftir þriggja ára starf, en hið síðarnefnda (Sustain-It), hófst með upphafsundi í árslok 2018 og mun standa í 2 ár. Þekkingarnetið leiðir það verkefni sem verkefnastjóri (administrator). Önnur af stærri viðfangsefnum ársins gengu fram með þeim hætti sem fyrirséð var í ársbyrjun, t.d. rekstur Sjálfbærni-verkefnis Norðausturlands, sem Þekkingarnetið hefur umsjón með í umboði Landsvirkjunar og fleiri aðila.

Grunnþjónusta Þekkingarnetsins við námsfólk hélst á öllum vígstöðvum áþekk frá fyrra ári. Vinna við framhaldsfræðslu og símenntun yfir höfuð gekk með ágætum, sem fyrr í nánnum tengslum við atvinnulífið, bæði fyrirtæki og starfsfólk. Afraksturinn í formi námsþjónustu af margvíslegu tagi, s.s. námskeiðum styttri og lengri, raunfærnimati og ráðgjöf, m.a. í kjölfar margra fyrirtækjaheimsókna. Dagleg þjónusta við háskólanema var af sama tagi og verið hefur. Námssetrin með sólarhringsaðgengi fyrir háskólanema voru mikið notuð, mest í Þekkingarsetrinu á Húsavík. Þá var á árinu 2018 sem fyrr töluvert um fjarprófahald. Á undanförunum árum hefur þjónustuform við háskólanema breyst töluvert, einkum að því leyti að fjarfundir í “beinni útsendingu” úr skólastofum hafa nær horfið en á móti hefur aukist verulega aðgengi námsfólks að námsefni og fyrirlestrum skólanna með netlausnum af öðru tagi. Frá sjónarhóli Þekkingarnetsins, sem þjónustar háskólanema sem búsettir eru í héraðinu, hefur þetta í raun birst þannig að skil milli skilgreinds fjarnáms og staðnáms hafa orðið óljósari, með tilheyrandi tækifærum fyrir fólk sem ekki á kost á að sækja skóla daglega. Umfangi þessara verkefna eru gerð skil í tilheyrandi köflum í skýrslunni.

Það var markmið fyrir árið 2018 að gera það að “sóknarári” fyrir Þekkingarnet Þingeyinga. Þetta tókst að mörgu leyti eins og sjá má í verkefnum, starfsmannahaldi og fjárhagslegri veltu. Fjárframlög úr opinberum sjóðum hækkuðu þó ekki milli ára og er fyrrgreind efling á árinu því eingöngu til komin með annars vegar aðhaldsaðgerðum síðustu ára og hins vegar eflingu tekna úr öðrum áttum, þ.e. samkeppnissjóðum og útsölu vinnu. Um leið og það er sérstaklega ánægjulegt að ná slíkum árangri og horfa á stofnunina eflast í þjónustu og verkefnum, þá er ljóst að varhugavert getur verið fyrir stofnun í almannaðjónustu eins og Þekkingarnetið að verða sífellt háðari ótraustari tekjum úr samkeppnissjóðum og útsölu þjónustu. Það verður því áhersluefni ársins 2019 að tryggja betur grunnfjármögnun stofnunarinnar í gegnum samninga við ríkisvaldið.



Óli Halldórsson, Forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga

Þessi skýrsla er í senn ársskýrsla rekstrarársins 2018 og starfsáætlun fyrir árið 2019. Í hverjum meginkafli er, auk almennrar umfjöllunar um starfsemi liðins árs, að finna markmið í starfsemi fyrir komandi ár.

2 STJÓRN OG STARFSFÓLK


2.1 Starfsmannahald: Helstu tölur

Starfsmannahald	Áætlun 2018	Niðurstaða 2018	Áætlun 2019?
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	7,5	7,1	8,0
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	2,5	3,4	3,0
Stöðugildi verktaka við tímabundin rannsóknaverkefni	0	0	0
Alls stöðugildi:	10	10,5	11
<hr/>			
Stjórn og skipurit	2018		Áætlun 2019?
Mannabreytingar í stjórn	Tilnefnt var í stjórn til 2ja ára á aðalfundi 2018. Breytingar urðu þær að fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga kom inn Jóhanna Katrín Þórhaldóttir í stað Inu Leverköhne. Einnig Halldór Jón Gíslason í stað Sigurbjörns Árna Arngrímssonar.		Ekki fyrir séðar breytingar. Næst tilnefnt til stjórnarsetur á aðalfundi 2020.
Breytingar á skipuriti/stjórnun	Engar breytingar á skipuriti		Engar fyrir séðar breytingar
Skýringar	Á árinu 2018 var bætt við starfsfólki með ráðningum náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra í nýja starfsstöð í Mývatnssveit. Þessi þróun var samkvæmt áætlun ársins. Það er alltaf breytilegt milli ára hvert fyrirkomulag ráðninga sumarstarfsfólks er, þ.e. hvort þeir eru ráðnir sem launþegar eða verktakar. Eins er kennsla starfsfólks á námskeiðum mismikil milli ára og fer eftir námsframboði og eftirspurn hverju sinni.		

Á árinu 2018 útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga alls 10,5 ársverk eins og taflan að ofan greinir frá. Þar af voru 12 launþegar á skrá í launakerfi stofnunarinnar á árinu í samtals 7,1 stöðugildum. Utan fastra heilsársstarfsmanna var nokkuð um tímabundin verkefni við rannsóknaverkefni og námskeiðakennslu, eða alls 3,4 ársverk.

2.2 Starfsfólk

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga á launaskrá á árinu í árslok 2018:

 <p>Óli Halldórsson Forstöðumaður (100%) MA umhverfisfr., BA heimspeki, frhsk.kennari</p>	 <p>Arnþrúður Dagsdóttir Verkefnastjóri Mývatnssveit MA/BA myndlist, kennsluréttindi</p>
 <p>Gréta Bergrún Jóhannesdóttir Verkefnastjóri Þórshöfn Rannsóknasvið (80%) MA kynjafræði, BA fjölmiðlafræði</p>	 <p>Guðrún Helga Ágústsdóttir Náms- og starfsráðgjafi (80%) MA náms- og starfsráðgjöf, BA félagsráðgjöf</p>
 <p>Guðrún Ósk Brynjarsdóttir Skrifstofustjóri (100%) Skrifstofustjóri/ skólaritari frá V.Í.</p>	 <p>Heiða Elín Aðalsteinsdóttir Húsumsjón og ræstingar í Þekkingar- setrinu á Húsavík. Ýmist störf á rannsókn- og símenntunarsviðum.</p>
 <p>Heiðrún Óladóttir Verkefnastjóri Þórshöfn Símenntun (60%) BEd kennari</p>	 <p>Helena Eydís Ingólfsdóttir Verkefnastjóri rannsókn- og símenntunarsvið (100%) BEd kennari, MPA í opinberri stjórnsýslu</p>
 <p>Hilmar Valur Gunnarsson Verkefnisstjóri á símenntunarsviði (100%) BA félagsráðgjöf</p>	 <p>Maren Óla Hjaltadóttir Húsumsjón og ræstingar í Menntasetrinu á Þórshöfn (20%)</p>


Eftirtaldir starfsmenn voru á launaskrá hjá stofnuninni í tímabundnum störfum eða létu af störfum á árinu 2018:

- Selmdís Þráinsdóttir (rannsóknastörf sumarið 2018)
- Þóra Bryndís Másdóttir (rannsóknastörf sumarið 2018)

Auk framangreindra kom nokkur fjöldi fólks til verktakakennslu á námskeiðum og námsleiðum eins og vant er.

2.3 Skipurit

Fagsvið Þekkingarnets Þingeyinga eru þrjú og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Unnið er í “teymisvinnu” fyrir hvert svið.



2.4 Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Stjórnin myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt ákveðin mál í umboði stjórnar. Breytingar á stjórn á árinu 2018 urðu á aðalfundi þegar tilnefnt var á ný til tveggja ára. Venjur hafa skapast á undanförunum árum um skiptingu fulltrúa framhaldsskóla á milli FL og FSH og einnig hafa sveitarfélög utan Norðurþings skipst á með fulltrúa sem tilnefndur er af Héraðsnefnd Þingeyinga.

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2018:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	• <i>Reinhard Reynisson</i>
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	• <i>Halldór Jón Gíslason</i>
Háskóli Íslands:	• <i>Rögnvaldur Ólafsson</i>
Háskólinn á Akureyri:	• <i>Rannveig Björnsdóttir</i>
Héraðsnefnd Þingeyinga:	• <i>Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir</i>
Norðurþing:	• <i>Jón Höskuldsson</i>
Rannsóknastofnanir:	• <i>Margrét Hólm Valsdóttir</i>
Stéttarfélög í Þingeyjarsýslum:	• <i>Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)</i>

Framkvæmdaráð Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2018:

- *Aðalsteinn Árni Baldursson*
- *Jón Höskuldsson*
- *Margrét Hólm Valsdóttir*

Stjórn Þekkingarnetsins kom saman til fundar þrisvar sinnum á árinu 2017 og framkvæmdaráð þrisvar sinnum. Alls voru því haldnir sex fundir í stjórn og framkvæmdaráði.



Stjórn ÞÞ eftir aðalfund 2018.

Efri röð frá vinstri: Reinhard, Jón, Rögnvaldur, Halldór Jón, Rannveig
Neðri röð frá vinstri: Margrét, Jóhanna Katrín, Aðalsteinn Árni

3 HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI

3.1 Aðstaða: Helstu upplýsingar

Húsnæði ÞP		2018	Markmið 2019
Staður	Hús	Aðstaða	
Húsavík	Hafnarstétt 3 Skólahúsnæði og stakir salir (s.s. stofur Framhaldsskólans á Húsavík)	400 fm aðalhúsnæði ÞP. Skrifstofuaðstaða fyrir um 15, námsver, 3 kennslu- og fundarými, 3 fjarfundabúnaðir. Kennslu- og fyrirlestraadstaða leigð í tímavís eftir þörfum	Húsnæðismál verði skoðuð á árinu með framþróun og öryggi starfseminnar í huga. Áfram verði unnið út frá því að viðhalda sterkri ímynd þekkingarsetursins á Húsavík í samfélaginu.
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 1	Um 200 fm húsnæði deilt með Framhsk. á Laugum. Skrifstofurými, námsver, kennslurými, 3 fjarfundabúnaðir.	Óbreytt húsnæði. Fjarfundatækni breytt yfir á nýtt form og uppfærður búnaður eftir þörfum.
Raufarhöfn	Grunnskólinn á Raufarhöfn, Aðalbraut 23.	Fjarfunda- og próftökuadstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði og aðstaða. Fjarfundatækni breytt yfir á nýtt form.
Kópasker	Skólahúsið á Kópaskeri	Fjarfunda- og próftökuadstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði og aðstaða. Fjarfundatækni breytt yfir á nýtt form. Stefnt að auknu samstarfi við verkefni Byggðastofnunar um "brothættar byggðir".
Laugar	Seigla – grunnskólahúsið á Laugum	Fjarfunda- og próftökuadstaða, nettenging og lesrými.	Námsver rekið áfram eftir eftirspurn og þörfum í samstarfi við Þingeyjarsveit og Seigluþekkingarsetur.
Mývatnssveit	Hreppsskrifstofa/ þekkingarsetur	Þekkingarsetrið Mikley opnað í Mývatnssveit í samstarfi við heimafólk.	Þekkingarsetrið eft og þróað áfram í samvinnu við Skútustaðahrepp.

3.2 Starfssvæði

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til og með Bakkafirði í austri. Starfssvæði ÞP er stórt að flatarmáli og nær yfir sex sveitarfélög. Það er fremur




Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga.

Rauðir punktar sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Þórshöfn) og gulu punktarnir aðra þjónustustaði. (Kíðagil, Laugar, Mývatnssveit, Kópasker, Raufarhöfn).

strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar umhverfis.

Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð geta verið hamlandi á veturna. Þá eru almenningssamgöngur innan svæðisins takmarkaðar. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 270 km stystu leið. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440 km² eða 18% landsins.



1. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 - 1.1. Reykjanesbær
2. Mímir-símenntun
 - 2.1. Reykjavík - Hofoðubakki
 - 2.2. Reykjavík - Oldugata
3. Framvegis - miðstöð símenntunar
 - 3.1. Reykjavík - Skeifan
4. Símenntunarmiðstöð Vesturlands
 - 4.1. Borgarnes
 - 4.2. Akranes
 - 4.3. Ólafsvík
 - 4.4. Grundarfjörður
 - 4.5. Slykkishölmur
 - 4.6. Búðardalur
5. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
 - 5.1. Ísafjörður
 - 5.2. Patreksfjörður
 - 5.3. Hölmavík
6. Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
 - 6.1. Snaðarfirskur
 - 6.2. Hvammstangi
 - 6.3. Blönduós
 - 6.4. Skagaströnd
7. SÍMEY
 - 7.1. Akureyri
 - 7.2. Dalvík
 - 7.3. Fjallabyggð
8. Þekkingarnet Þingeyinga
 - 8.1. Húsavík
 - 8.2. Þórshöfn
 - 8.3. Raufarhöfn
 - 8.4. Kópasker
 - 8.5. Mývatnssveit
 - 8.6. Laugar
 - 8.7. Bárðardalur
9. Austurbú
 - 9.1. Egisstaðir
 - 9.2. Reyðarfjörður
 - 9.3. Neskaupstaður
 - 9.4. Djúpalvogur
 - 9.5. Vopnafjörður
 - 9.6. Seyðisfjörður
10. Fræðslunet Suðurlands
 - 10.1. Selfoss
 - 10.2. Hvolsvöllur
 - 10.3. Vík
 - 10.4. Hella
 - 10.5. Hella
 - 10.6. Kirkjubæjarklaustur
 - 10.7. Reykholt
11. Veska
 - 11.1. Vestmannaeyjar

Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga.

Rauðir punktar sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Þórshöfn) og gulu punktar aðra þjónustustaði. (Kíðagil, Laugar, Mývatnssveit, Kópasker, Raufarhöfn).

Húsnæði og aðstaða

Undanfarin ár hefur meginstarfsstöð Þekkingarnets Þingeyinga verið á Hafnarstétt 3 á Húsavík. Um er að ræða uppert gamalt timburhús við höfnina á Húsavík, alls um 400 m². Húsið hefur frá byggingarárinu 1930 hýst atvinnustarfsemi af mjög ólíku tagi, einkum í tengslum við sjávarútveg og fiskverkun. Húsið var gert upp fyrir um áratug og útbúið sem skrifstofuhúsnæði. Það hentar afar vel undir starfsemi



Þekkingarnetsins en þar eru vinnustöðvar fyrir u.þ.b. 15 starfsmenn, tvö kennslurými, fundaherbergi, námsver með lesrými, rannsóknastofa auk afgreiðslu og annars sameiginlegs rýmis. Þekkingarnetið framleigir hluta húsnæðisins á Húsavík til samstarfsstofnana, þ.e. Náttúrufstofu Norðausturlands og Háskóla Íslands. Auk þess leigir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra eina skrifstofu.

Þekkingarnetið veitir þjónustu um allt starfssvæði sitt. Mönnuð starfsstöð og fullbúin er rekin í Menntasetrinu á Þórshöfn. Setrið er samstarfsverkefni Langanesbyggðar, Þekkingarnetsins og Framhaldsskólans á Laugum. Mikley Þekkingarsetur var opnað á árinu 2018 eftir margra ára undirbúningsvinnu sem Þekkingarnetið hefur átt aðkomu að frá upphafi.

Þá á Þekkingarnetið aðild að rekstri þekkingarseturs í verkefninu “Seiglu” á Laugum í Reykjadal í samstarfi við heimaaðila, þ.á.m. Þingeyjarsveit, og Urðarbrunn. Þá er boðin þjónusta á Kópaskeri og Raufarhöfn sem lýst er nánar í töflunni fremst í þessum kafla.

Þekkingarnet Þingeyinga vinnur markvisst að eflingu starfseminnar víða um starfssvæði sitt.

Mikley – þekkingarsetur opnað í Mývatnssveit

1.nóvember 2018 var haldin opunarhátíð Mikleyjar, þekkingarseturs í Mývatnssveit. Það var mjög vel mætt og nutu gestir veitinga og tónlistar úr héraði. Mývetningarnir Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir og Stefán Jakobsson, sem bæði gáfu út sólóplötur í haust, tóku lög af plötunum sínum. Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri var kynnir og Helgi Héðinsson oddviti flutti ávarp ásamt Steingrími J. Sigfússyni forseta Alþingis. Óli Halldórsson forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga flutti einnig ávarp sem og Arnþrúður Dagsdóttir starfsmaður Þekkingarnetsins í Mývatnssveit. Hún tilkynnti hver hefði borið sigur úr þitum í hugmyndasamkeppni um nafn á þekkingarsetrið en það var Ásta Kristín Benediktsdóttir íslensku- og bókmenntafræðingur og doktorsnemi við Háskóla Íslands og University College Dublin. Ásta Kristín sagði frá tilurð nafnsins og fór með smá hugvekju um hlutverk og framtíð Mikleyjar. Þá var klippt á borða í tilefni dagsins og jólasveinn úr Dimmuborgum komst nálægt því koma öllu í uppnám á samkomunni.



Starfsfólk og aðstandendur (og aðeins fleiri) þekkingarsetursins Mikleyjar í Mývatnssveit.

Mikley er til húsa á Hlíðarveg 6 í sama húsnæði og skrifstofur Skútustaðhrepps. Þekkingarnetið sem opnaði starfsstöð sína í lok sumars er þar með námsver og skrifstofuaðstöðu. Í húsnæðinu eru

að auki starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs, jarðfræðingarnir í Geochemý, ferðaskrifstofan Geotravel og Mývatnsstofa sem er samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Undirbúningur verkefnisins hófst með því að á árinu 2015 var skipaður starfshópur sem kannaði möguleika á uppbyggingu fræða- eða þekkingarseturs í Mývatnssveit. Þekkingarnet Þingeyinga sá um verkefnastjórn og Uppbyggingarsjóður Eyþings styrkti verkefnið. Hópurinn skilaði skýrslu í maí 2016 og þar kom fram sú niðurstöða að það væri bæði fýsilegt og gerlegt að reka þekkingarsetur í Mývatnssveit. Þá var ákveðið að hentugt húsnæði til að byrja með fyrir starfseminu væri í húsnæði Skútustaðahrepps sem er samliggjandi skrifstofu hreppsins í Reykjahlíðarþorpi en jafnframt yrði unnið áfram að framtíðarstaðsetningu setursins.

Mikley er örnefni en stærsta eyjan í Mývatni heitir Mikley. Í mars 1858 var haldinn fundur í eyjunni þar sem ákveðið var að stofna lestrarfélag sveitarinnar og sparisjóð búlausra í sveitinni. Lestrarfélagið varð síðar að Bókasafni Mývatnssveitar.



Frá opunarhófi Mikleyjar í september 2018.

Jólasveinar, tónlistarfólk og börn voru meðal þeirra sem fögnuðu opnun þekkingarsetursins.

4 SÍMENNTUNARSVIÐ

4.1 Símenntun: Helstu tölur


Markmið símenntunarsviðs	Áætlun 2018	Niðurstaða 2018	Áætlun 2019?
Fjöldi almennra námskeiða á svæði DD	90	66	70
Fjöldi námsleiða (námsleiðir FA):	5	5	5
Fjöldi kenndra stunda:	1.600	2.064	2.100
Fjöldi kenndra nemendastunda:	17.000	19.070	19.000
Þátttakendur	1.100	975	1.000

4.2 Áherslur í námi

Áherslur ársins 2018 voru svipaðar og á árinu 2017. Lögð var áhersla á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA) innan þess fjárhagsramma sem fyrir liggur. Einnig var lögð áhersla á stutt námskeið og fyrirlestra með það að markmiði að reyna að höfða til nýrra viðskiptavina, fólks sem að öllu jöfnu nýtir sér ekki þjónustu Þekkingarnetsins. Ágætis aðsókn var í þessi námskeið sem fólk sótti sér bæði til gagns og ánægju. Visvitandi var tekin ákvörðun um að halda afar fámenn námskeið, sem ekki eru sjálfberandi fjárhagslega, sérstaklega í minni byggðarlögum svæðisins eins og Kópaskeri, Raufarhöfn og Mývatnssveit. Þekkingarnetið lítur á það sem eitt af markmiðum sínum að halda námsvirkni í dreifðum byggðum þar sem aðrir angar menntakerfinsins ná síður.


Stuðst er við óformlega greiningu á námsþörfum íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins þegar námskeið og námsleiðir eru ákveðnar. Upplýsingar koma úr viðtölum náms- og starfsráðgjafa, samtölum við íbúa og niðurstöðum úr námskeiðsmati. Auk þess eru íbúar alltaf að verða duglegri við að óska eftir námskeiðum eða koma með ábendingar um námskeið sem væri áhugavert að halda á svæðinu. Smánámskeið þau sem snéru að heilsu, líkamsrækt og matreiðslu voru vinsæl líkt og undanfarin ár, en árið 2018 féllu flest námskeiðin sem haldin voru undir tómsundanámskeið og fyrirtækjafræðslu. Þá var töluverð þátttaka á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga og réttindanáms skipaði einnig stóran sess.

SKIPTING NÁMSKEIÐA 2018




Hér má sjá skiptingu námskeiða hjá Þekkingarnetinu árið 2018. Eins og sjá má eru flest námskeiðin sem haldin eru árið 2018 tómsundanámskeið en þar á eftir kemur fyrirtækjafraeðsla. Ef skoðaðar eru kenndar stundir og skipting nemendastunda eftir námskeiðum má sjá að flestar þeirra falla undir vottaðar námsleiðir FA. Þar næst koma íslenskunámskeið fyrir útlendinga.

SKIPTING KENNDRA STUNDA EFTIR NÁMSKEIÐUM 2018






SKIPTING NEMENDASTUNDA EFTIR NÁMSKEIÐUM



4.3 Kynjahlutfall í símenntun

Þegar kynjahlutfall námskeiðspátttakenda er skoðað og borið saman við síðustu ár má sjá að hlutfall karla hefur lítið breyst en árið 2018 voru karlar 33% þátttakenda og konur 67% ef kynjahlutfall í símenntun í heild er skoðað. Hlutfallið á milli kynjanna er líkt því sem þekktist við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er að jafnaði verulega hærra en karla. Á starfssvæði Þekkingarnetsins árið 2018 voru konur duglegri en karlar að koma á almenn námskeið, 67% á móti 33%. Ef lítið er til námsleiða FA er hlutfall það sama en þar voru konur 67% þátttakanda og karlar 33%.



4.4 Námsleiðir FA

Á árinu 2018 voru kenndar 5 námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

- ❖ *Fagnám III fyrir starfsfólk í heilbrigðis og félagsþjónustu* er 198 kennslustunda námsleið sem hófst á haustönn 2017. 14 nemendur hófu nám á þessari námsleið sem kennd er á Húsavík. Námsleiðinni lauk í nóvember 2018.
- ❖ *Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk* var kennd í þremur hópum á Húsavík og Raufarhöfn. Alls luku 32 nemendur námi á þessari námsleið.
- ❖ *Skrifstofuskólinn* er 360 klst námsleið sem kenndur var á haustönn 2018. 9 nemendur luku námi á þessari námsleið.

4.5 Önnur námskeið

Alls voru auglýst 89 námskeið á vegum Þekkingarnetsins og þar með talin námskeið sem Þekkingarnetið hafði milligöngu um eins og Endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra, Meiraprófsnámskeið og Vigtarnámskeið frá Neytendastofu. Af þeim 89 námskeiðum sem voru auglýst voru 66 haldin og 23 aflýst. Námskeiðum er aflýst þegar lágmarkspátttaka næst ekki. Oftast miðast hún við 6-10 þátttakendur, en það er aðeins breytilegt eftir því hvar námskeiðin eru auglýst. Viðmið um lágmarkspátttöku eru almennt lægri í fámennari byggðum á starfssvæði Þekkingarnetsins.

Þekkingarnet Þingeyinga hefur á undanförunum árum sinnt fræðsluþjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Slikt hefur yfirleitt verið afrakstur af samstarfi um Markviss ráðgjafaverkefni þar sem Markviss ráðgjafar ÞP hafa tekið viðtöl við starfsmenn og greint fræðsluþarfir bæði starfsmannanna persónulega en líka fyrirtækisins. Slík verkefni standa öllu jöfnu yfir í lengri tíma eða allt að 4 árum frá því að greining fer fram og þar til síðasta námskeiði fræðsluáætlunar lýkur. Á undanförunum árum hefur starfsfólk Þekkingarnetsins tekið þátt í stóru fræðsluverkefni með Farskólanum á Norðurlandi vestra og SÍMEY þar sem símenntunarmiðstöðvarnar þrjár hafa unnið sem ein í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Byrjað var á að greina fræðsluþarfir, í kjölfarið var útbúin 3 ára fræðsluáætlun. Árið 2018 var þriðja árið þar sem kennt var samkvæmt fræðsluáætlun. Þátttaka starfsmanna hefur verið góð og fræðsluáætlunin mikilvægur liður í innleiðingu nýrra starfshátta og verkfæra.

4.6 Þróunarvinna, gæðamál

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Kvasi, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarnetið hefur verið virkt í slíku samstarfi á símenntunarsviði.

Á háskólanáms- og rannsóknasviðum er samstarf töluvert við önnur setur og stofnanir á þeim sviðum. Starfsemi stofnana á rannsókn- og háskólanámssviði er þó með nokkuð ólíkum hætti um landið og hefur ekki verið myndaður formlegur vettvangur líkt og Kvasir stendur fyrir á símenntunarsviði. Þó er töluvert faglegt samráð á milli rannsóknastofnana og þekkingarsetra.



Þekkingarnetið hefur frá árinu 2012 verið með vottað gæðakerfi á símenntunarsviði, þ.e. EQM-gæðakerfið (European Quality Mark) sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur utan um. Í kjölfar þeirrar vottunar fékk stofnunin sama ár viðurkenningu sem fræðsluaðili samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þessi viðurkenning ráðuneytisins var síðast endurnýjuð á árinu 2015, en fyrir liggur að gæðavottunarkerfið EQM hefur verið í endurskoðun hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins undanfarna mánuði. Þekkingarnetið fylgir því vinnulagi sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur lagt upp og mun fara í gæðavinnu haustið 2018.



5 NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

5.1 Ráðgjöf: Helstu tölur

Fjöldamarkmið í náms- og starfsráðgjöf	Áætlun 2018	Niðurstaða 2018	Áætlun 2019
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala:	580	619	630



Boðið hefur verið upp á náms- og starfsráðgjöf hjá Þekkingarneti Þingeyinga síðan 2006. Fyrst um sinn sá Helena Eydís Ingólfssdóttir um ráðgjöfina og síðar tók Erla Dögg Ásgeirsdóttir við. Hilmar Valur Gunnarsson sinnti síðan ráðgjöfinni frá 2016 fram á haust 2018 þegar Guðrún Helga Ágústsdóttir var ráðin í starf náms- og starfsráðgjafa. Líkt og komið hefur fram í fyrri ársskýrslum hefur viðtölum farið fjölgandi ár frá ári. Vegna uppbyggingar bæði á Bakka og Þeistareykjarsvæðinu eru margir sem tilheyra markhópnum sem hafa bæst á svæðið.

Árið 2018 var fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala 619. Það voru 465 sem komu í fyrsta viðtal og 154 sem komu í endurkomuviðtöl. Ástæður viðtala voru mismunandi. Flestir komu að eigin frumkvæði og voru það 69% viðtala. 29% komu í viðtal eftir kynningu hjá fyrirtæki eða stofnun, 1% viðtala var tilvísun frá Virk endurhæfingasjóði og 1% stuðningur í matssamtali, skimun í raunfærnimat og færnimöppugerð v. raunfærnimats.

Árið 2017 var kynjahlutfall í ráðgjöf nokkuð jafnt, 46% kvenna og 54% karla. Það hefur orðið töluverð breyting þar á en á árinu 2018 hækkaði hlutfall kvenna í 57% og hlutfall karla lækkaði í 43%.

5.2 Kynningar á vinnustöðum

Líkt og kom fram í ársskýrslu síðasta árs hafa kynningar á vinnustöðum verið ein þeirra leiða sem notaðar hafa verið til að ná til markhópsins á vinnumarkaði. Í gegnum tíðina hafa kynningar verið með formlegu sniði þar sem haft er samband við fyrirtæki oftast með kynningarbréfi en það hefur aðeins dregið úr því. Nú eru formlegheitin minni og við erum í auknum mæli að mæta á staðina og tölum þá við yfirmenn og fáum að spjalla við starfsfólk. Það er mismunandi hvort að þetta séu kynningar sem snúa eingöngu að náms- og starfsráðgjöf eða hvort það sé verið að kynna námsleiðir eða Þekkingarnet Þingeyinga í heild sinni. Ef svo er þá fer ráðgjafi með og er með erindi um náms- og starfsráðgjöfina. Margir óska eftir viðtali strax og hefur það verið lítið mál að fá skrifstofu eða rólegan stað til að bjóða upp á viðtöl í fyrirtækjum. Algengara hefur þó verið að það sé pantað tíma hjá ráðgjafa á skrifstofu Þekkingarnetsins. Að okkar mati hefur það gefist vel að bjóða upp á kynningar á vinnustöðum og hafa margir komið í nám hjá okkur eða sótt sér ráðgjafar eftir kynningu á vinnustað.

5.3 Kynning á náms- og starfsráðgjöf ásamt kynningu á námsleiðum FA

Mikil áhersla hefur verið lögð á að kynna náms- og starfsráðgjöfina þegar kynntar eru námsleiðir. Sú leið hefur verið áhrifarík og hafa einstaklingar sótt í viðtöl og/eða á námsleiðir eftir slíkar kynningar. Áhersla hefur verið lögð á góða samvinnu atvinnurekenda og Þekkingarnetsins í kringum þessar kynningar. Ferlið er í raun svipað því þegar um hina hefðbundnu kynningu á vinnustöðum er að ræða, nema að kynning á námsleið FA fer fram í kjölfar kynningar á náms- og starfsráðgjöf. Árið 2018 var náms- og starfsráðgjöfin kynnt inn á öllum námsleiðum sem haldnar voru hjá Þekkingarnetinu.

5.4 Ráðgjöf

Ráðgjöfin árið 2018 gekk heilt yfir mjög vel. Það var bætt við starfsmanni og tók nýr náms- og starfsráðgjafi við haustið 2018 og var því aukinn tími sem fór í ráðgjöfina miðað við fyrripart árs. Ráðgjöfinni var sinnt víða um svæðið þar sem við leggjum áherslu á að fólk geti sótt náms- og

starfsráðgjöf sem næst heimili sínu. Þeir sem mæta í ráðgjöf hjá okkur eru flestir að koma að eigin frumkvæði, eftir kynningu í fyrirtækjum eða stofnunum eða eru skráðir í nám hjá okkur og koma í ráðgjöf líka. Við reynum að hafa ráðgjöfina sýnilega í samfélaginu og erum dugleg að ferðast um svæðið með kynningar og annað í tengslum við náms- og starfsráðgjöf.

6 HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

6.1 Háskólaþjónusta: Helstu markmið

	Markmið 2018	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2019?
Námsver - þjónusta og aðstaða	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Fjarfundatækni er að breytast og verður búnaður uppfærður m.t.t. þess.	Já	Rekstur eins. Sólarhringsaðgangur, tækniástoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl. Fjarfundaaðstaða uppfærð á árinu m.t.t. breyttra tæknilausna.	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða.
	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn rekin með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Fjarfundatækni er að breytast og verður búnaður uppfærður m.t.t. þess.	Já	Sólarhringsaðgangur, tækniástoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl. Mönnun eins. Fjarfundaaðstaða uppfærð á árinu m.t.t. breyttra tæknilausna.	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn rekin með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Fjarfundatækni er að breytast og verður búnaður uppfærður m.t.t. þess.
	Opna námsver í Mývatnssveit í samstarfi við Skútustaðahrepp. Bjóða námsaðstöðu í góðu húsnæði.	Já	Þekkingarsetrið Mikley í Mývatnssveit opnað að frumkvæði Þekkingarnetsins. Starfsmaður Þekkingarnetsins ráðinn til starfa í Mikley.	Opna námsver í Mývatnssveit í samstarfi við Skútustaðahrepp. Bjóða námsaðstöðu í góðu húsnæði.
	Starfsemi og þjónusta á Raufarhöfn rekin með sama hætti og sömu þjónustu og farið var af stað með. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjafar.	Já/nei	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Eftirspurn litil á árinu og framboð að sama skapi.	Unnið í auknum mæli með starfsmanni byggðaþróunarverkefnis (AP) á Raufarhöfn. Einnig auka samstarf við fyrirtæki á staðnum.
	Bjóða almenna námsþjónustu í námsveri PP í skólahúsinu á Kópaskeri.	Já	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Eftirspurn litil á árinu og framboð að sama skapi.	Bjóða áfram almenna námsþjónustu en vinna einnig í auknum mæli með starfsmanni byggðaþróunarverkefnisins "Öxarfjörður í sókn" að eflingu framboðs í námsveri PP á Kópaskeri.
	Starfsemi og þjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu þjónustu og farið var af stað með.	Já	Pingeyjarsveit hefur breytt rekstrarformi á Seiglu, en PP hélt óbreyttri aðstöðu. Eftirspurn var litil á árinu.	Starfsemi og þjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu þjónustu.
Námsráðgjöf	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega námsráðgjöf. Horfa sérstaklega til framhaldsskólanema á elsta ári og fullorðinna á vinnumarkaði.	Já	Náms- og starfsráðgjöf hefur aldrei verið umfangsmeiri en árið 2018. Staða náms- og starfsráðgjafa auglýst og ráðinn nýr ráðgjafi sumarið 2018. Aukafjármagn fékkst til ráðgjafar.	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega námsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði.
Fjarpróf	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum PP, eftir óskum skóla.	Já	Fjarprófaþjónusta var í boði fyrir skóla á öllum þjónustustöðum PP. Fjarprófum fjölgaði nokkuð milli ára.	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum PP, eftir óskum skóla og nefmenda.
Háskólanám	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/þekkingarsetur.	Já	Áframhaldandi samstarf við þekkingarsetur og háskólasetur. Unnið að samstarfssamningum með öðrum þekkingarsetrum.	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/þekkingarsetur.

Fjarfundabúnaðir	Endurnýja og uppfæra fjarfundakerfi námsvera PP um héraðið. Klára uppfærslu búnaðar sem miðast við nýjar tæknilausnir í námsverum, byggðar á Office365 og vefrænum fjarfundum.	Já	Tæknibúnaður uppfærður í námsverum víða. Polycom-fjarfundabúnaðir aflagðir á árinu.	Koma á þróunarverkefni um fjarfundanotkun í héraðinu. Stefna að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.
------------------	--	----	---	--

6.2 Námsver og þjónusta


Þekkingarnet Þingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla og eftir atvikum annarra skóla, á starfssvæði sínu. Þannig er vinnuaðstaða háskólanema orðin meðal sjálfsgöðra innviða hins íslenska skólakerfis, þar sem allir háskólar og fjarnámsskólar aðrir samnýta aðstöðuna fyrir sitt fólk. Á árinu 2018 bauð Þekkingarnetið vinnuaðstöðu fyrir námsmenn með mannaðri þjónustu á dagvinnutíma og aðgengi allan sólarhringinn á Húsavík, Þórshöfn og í nýju námsveri í Mývatnssveit, sem opnað var haustið 2018. Á Kópaskeri, Raufarhöfn og á Laugum er þjónusta fyrir námsmenn í boði til fjarprófahalds og fjarfunda og vinnuaðstaða með samkomulagi hverju sinni. Stærsta breyting á námsverum Þekkingarnetsins á árinu 2018 var í Mývatnssveit, þar sem fyrrgreint námsver var opnað í nýju þekkingarseti í Reykjahlíðarþorpi sem hefur fengið heitið “Mikley – þekkingarsetur”. Þekkingarnetið átti beina aðild að stofnun þessa seturs og réði starfsmann til starfa strax til að sinna verkefnum og þjónustu stofnunarinnar á svæðinu.

Sem fyrr hafa háskólanámsverin og þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna Þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag. Námsverið í Þekkingarsetrinu á Húsavík er mikið notað af háskólanemum. Regluleg notkun er á dagvinnutíma þar sem fjarnemar stunda sitt nám, með fjarfundasókn og netkeyrðu námi, og eins er mikið um nýtingu lesaðstöðu um kvöld og helgar. Undanfarin misseri hefur einnig borið meira á því að yngri háskólanemar komi til dvalar um nokkurra vikna skeið í foreldrahúsum og nýti aðstöðu námsveranna til vinnu. Þetta er helst í kringum prófatímabilin í nóvember/desember og apríl/maí ár hvert og hefur þessi þróun valdið jákvæðni í samfélaginu, þar sem ávinningur er margþættur af því að auka dvalartíma ungs námsfólks í sinni heimabyggð.

6.3 Fjarpróf

Þekkingarnetið tekur að sér framkvæmd og yfirsetu fjarprófa fyrir alla skóla og nema sem þess óska innan starfssvæðis Þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Alls voru tekin **320 fjarpróf á 5 stöðum** í héraðinu frá alls **13 skólum** á vegum Þekkingarnetsins árið 2016.

Þekkingarnetið vinnur eftir eigin prófreglum sem stofnunin hefur sett sér og birt og heimasíðu sinni: <http://www.hac.is/haskolanam/profreglur/>. Þessar reglur eru byggðar á venjum og reglum háskólanna og voru þær bornar undir prófstjóra Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri áður en þær voru staðfestar með formlegum hætti af stjórn stofnunarinnar. Ennfremur var tekin sú ákvörðun að bjóða fjarprófabjónustu á grunni þessara prófreglna á öllum þjónustustöðum Þekkingarnetsins. Ef ekki kemur til ákvörðun samstarfsskólanna um að takmarka sína þjónustu er því fjarprófabald í boði á sex stöðum í héraðinu.



7 RANNSÓKNASVIÐ

7.1 Rannsóknir: Helstu markmið

	Markmið 2018	Náðist markmið?	Skýringar	Áætlun 2019
<i>Starfsmannahald</i>	Verkferlum og gæðastefnu viðhaldið og uppfært eftir þörfum. Sumarsnemum sem og öðru starfsfólki komið vel inn í þessa ferla. Skilgreina þarf betur skipulag og verkferli við yfirlestur og lokaútgáfu á efni.	Já	Vel tókst til að nýta mannafla í teymisvinnu þar sem starfsmenn sinnu bæði símenntunar- og rannsóknarsviði. Gæðastefna og verkferlar yfirfarin á sér fundi með sumarnemum. Verkferlar innan rannsóknarsviðs skilgreindir betur	Verkferlum og gæðastefnu viðhaldið og uppfært eftir þörfum. Sumarsnemum sem og öðru starfsfólki komið vel inni þessa ferla. Skilgreina þarf betur skipulag og verkferli við yfirlestur og lokaútgáfu á efni. Einnig þarf að skipuleggja umgjörð og uppbyggingu verktilboða.
<i>Rannsóknaverkefni háskólanema</i>	Staðið verði fyrir 2-4 tímabundnum rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.	Já	Enginn styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði námsmanna né frá Vinnuálastofnun. Þó náðist að fjármagna með öðrum hætti 2 verkefni sem unnin voru af háskólanemum.	Staðið verði fyrir 2-4 tímabundnum rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.
<i>Innlend rannsóknar/ráðgjafarverkefni</i>	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Sérstök áhersla verði lögð á að ná samstarfi um verkefnavinnu við orku- og iðnfyrirtæki sem hugsanlega munu hefja/auka starfsemi sína á árinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri.	Já	Samningur við Landsvirkjun um vinnu við Sjálfbærni-verkefni hélt áfram og vinna við verkefnið nokkuð stöðug allt árið. Búsetugæðarannsókn var hringd út í sumar og frumniðurstöður kynntar á byggðaráðstefnu í október, en 10 ára samanburður er á fyrri rannsókn sem gerð var árið 2009. Viðtalsrannsókn var gerð fyrir Svalbarðshrepp og samningur um íbúakönnun gerður við Skútustaðahrepp. Einnig voru nokkur minni verkefni innan héraðs leyst af hendi.	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði.

Erlend rannsóknaverkefni	<p>Núverandi erlend samstarfverkefni, CRISTAL, SPARK og BRIDGES kláruð á árinu, öllum skýslum, fjármálaupplýsingum og verkefnum skilað.</p> <p>Sótt um í fleiri erlend verkefni, t.d. í NPA sjóðinn, ERASMUS+ og NORDPLUS. Leitað eftir áframhaldandi samstarfi við erlenda aðila, m.a. með tengslamyndunarráðstefnu sem verður í BRIDGES verkefni í Arkhangelsk í Rússlandi í maí. Starfsmenn sækja ráðstefnu erlendis sem opnar á samstarf við fleiri aðila</p>	<p>Já</p> <p>Vinna við Cristal verkefnið var kláruð í árslok 2018 í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Háskólann á Akureyri, auk erlendra samstarfsaðila. Síðasta ferð verkefnisins var farin til Svíþjóðar í Febrúar og lokaráðstefna haldin á Húsavík í september.</p> <p>Lokafundur í SPARK verkefninu var haldinn í Helsinki í maí. Verkefna vinna tókst vel til þó verkefnið hafi verið smátt í sniðum.</p> <p>BRIDGES verkefni lauk með lokaráðstefnu í Rússlandi í lok maí. Síðustu skýrslum skilað í ágúst. Ekki fékkst áframhaldandi styrkur til verkefnisins en vefsíðan ngobridges.com verður opin í nokkur ár.</p> <p>Sótt var um tvö ný ERASMUS verkefni á árinu og fengust báðir styrkir. SUSTAIN-IT verkefni um sjálfbæra ferðaþjónustu sem ÞP stýrir ásamt 7 samstarfsaðilum, og SOLO-PRENEUR sem ÞP er samstarfsaðili í. Fyrsti fundur í Sustain-it var í Brussel í desember.</p> <p>Starfsmaður rannsóknarsviðs sótti ráðstefnu í Danmörku í maí um byggðafræði og dreifbýli.</p>	<p>Unnið verður í ERASMUS verkefnum sem ÞP er þátttakandi í. Fundir verða í báðum verkefnum á Ítalíu í maí, auk þess sem byrjunarfundur Solopreneur er í janúar í Brussel.</p> <p>Haldið skal vel utanum skipulag í Sustain it og verkefnisstjóri ÞP fer á námskeið á vegum Erasmus í stjórnun verkefna.</p> <p>Áfram verður unnið að tengslamyndun og allat tillögur um samstarfsverkefni skoðaðar.</p> <p>Starfsmenn sækja ráðstefnur erlendis ef kostur er til að víkka út samstarfsramma og þekkingu.</p>
	<p>ÞP verði leiðandi afl í samstarfi stofnana á sviði fræðslu og rannsókna í héraðinu.</p> <p>Kannaðir verði kostir á auknu samstarfi stofnana til faglegrar og fjárhagslegrar samlegðar.</p>	<p>Já</p> <p>ÞP leiðir samstarf stofnana innan veggja á Hafnarstétt 3 og einnig samstarf við Framhaldsskólann á Laugum í Menntasetrinu á Þórshöfn. Tímabundinn samningur var gerður við FL um umsýslu við deildina á Þórshöfn.</p> <p>Áframhald var á 30% starfshlutfalli starfsmanns ÞP á Þórshöfn fyrir sveitarfélagið Langanesbyggð. Sveitarstjórn hefur lýst yfir ánægju með samstarfið og árangur þess á árinu. Samningi var þó sagt upp frá 1 okt vegna breytinga á starfi ÞP starfsmanns og lokaskýrslu skilað. LNB þakkaði gott samstarf.</p>	<p>ÞP verði leiðandi afl í samstarfi stofnana á sviði fræðslu og rannsókna í héraðinu.</p> <p>Kannaðir verði kostir á auknu samstarfi stofnana til faglegrar og fjárhagslegrar samlegðar.</p>

<p><i>Upplýsingasöfnun í héraðinu</i></p>	<p>Árlegri útgáfu á grunn-upplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði PP verði haldið áfram. Ákveðnir þættir teknir til skoðunar sem samstillast við lýðfræðivísu í sjálfbærni Landsvirkjunar.</p>	<p>Já</p>	<p>Skýrsla um mannfjöldaþróun var tekin aðeins dýpra en vanalega þar sem áratugurinn 2009-2018 var greindur niður fyrir sveitarfélög.</p>	<p>Árlegri útgáfu á grunn-upplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði PP verði haldið áfram. Ákveðnir þættir teknir til skoðunar sem samstillast við lýðfræðivísu í sjálfbærni Landsvirkjunar.</p>
<p><i>Kynningarmál</i></p>	<p>Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstæðna úr rannsóknum PP, bæði innan héraðs og utan, m.a. með þátttöku í málþingum, ráðstefnum, greinarskrifum.</p>	<p>Já</p>	<p>Þau verkefni sem unnin voru á árinu voru kynnt eftir því sem kostur var. Evrópuverkefni kynnt á viðeigandi vettvangi sem og á heimasíðu PP.</p> <p>Lokaráðstefna Cristal verkefnis í september tókst vel þar sem afurðir verkefnisins voru kynntar.</p>	<p>Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstæðna úr rannsóknum PP, bæði innan héraðs og utan, m.a. með þátttöku í málþingum, ráðstefnum, greinarskrifum.</p>

7.2 Rannsóknastarfsemin

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- *Rannsóknþjónusta*; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf, aðstoða fyrir rannsakendur á svæðinu.
- *Eigin rannsóknarverkefni* Þekkingarnetsins.
- *Útseld rannsókn- og ráðgjafarvinna* starfsfólks Þekkingarnetsins.
- *Rannsóknaverkefni* sem unnin eru í samstarfi við háskólanema.
- *Ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni* í samstarfi við aðra stofnanir.

Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við menntamálaráðuneytið að þjónusta vísinda- og fræðastarf í Þingeyjarsýslum. Þannig er lögð áhersla á að hýsa rannsakendur og aðstoða þá sem sinna rannsóknum í Þingeyjarsýslum með margvíslegum hætti. Slík þjónusta er veitt með aðgangi að húsnæði, tækjum og netkerfi Þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf.

Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólki rannsóknastofnana,
- rannsakendum á vegum háskóla á Íslandi,
- námsfólki í rannsóknaverkefnum,
- sjálfstæðum rannsakendum (íslenskum og erlendum).

Eigin verkefni Þekkingarnetsins

Þekkingarnetið hefur samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti og skipulagsskrá ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi í héraðinu með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum.

Ákveðið var að keyra aftur búsetugæðarannsókn sem ÞP hafði frumkvæði að árið 2008-2009, og því hægt að gera 10 ára samanburð. Ekki fengust styrkir til verkefnisins en könnunin var hringd út í sumar. Frumniðurstöður voru kynntar á byggðaráðstefnu í Stykkishólmi í október og verður skýrslan klár í byrjun næsta árs.

Nokkur vinna fór í erlendu samstarfsverkefni þar sem þremur verkefnum lauk á árinu og sótt var um 2 ný verkefni. Umfangsmikill samskóladagur og lokaráðstefna var haldinn 7. september á vegum Erasmus-verkefnisins CRISTAL, þar sem öllum skólastigum í Þingeyjarsýslu var boðið til þátttöku. Þar var verkefnið kynnt, sem og vinna þeirra kennara sem hafa unnið við prufukennslu og innleiðingu í verkefninu. Ánægja var með þennan dag og markaði hann ákveðnn lokapunkt í verkefninu.

Nordplus verkefnið SPARK lauk á árinu en það snýst um að efla menningarsjálfbærliða í dreifðum byggðum. Norden - verkefni BRIDGES lauk á árinu en það snýst um að safna saman viljugum samstarfsaðilum á alþjóðlegan gagnagrunn, ngobridges.com, það verkefni gekk ágætlega en ekki fékst áframhaldandi styrkur til verkefnisins.

Á vordögum var sótt um tvö ný ERASMUS verkefni, í samstarfi við samstarfsaðila í Belgíu. Fyrri verkefnið ber nafnið SUSTAIN-IT og snýst um þjálfun ferðaþjónustustarfsfólks til sjálfbærni. ÞP er umsóknaraðili en samstarfsaðilar eru Nýheimar á Höfn, auk aðila frá Belgíu, Ítalíu, Spáni,

Kýpur og Írlandi. Seinna verkefni ber heitið SOLOPRENEUR en þar er ÞP þátttakandi, verkefnið snýst um frumkvöðla og sjálfkapaða vinnu í dreifðum byggðum.

Útseld rannsókn- og ráðgjafavinna

Sala á sérfræðivinnu var nokkuð mikil á árinu. Stærstur hlutinn tengdist Sjálfbærni-verkefninu á Norðausturlandi sem rekið er af Landsvirkjun. Á árinu voru gögn verkefnisins í fyrsta skipti gerð opinber þegar vefsíða þess www.gaumur.is var opnuð á fyrsta ársfundi þess sem haldinn var á Húsavík í maí. Eftir þónokkur ár þar sem unnið hefur verið að þróun verkefnisins, mótun mælikvarða þess, allt í umtalsverðu samráði við hvort tveggja hagsmunaaðila og alemning, er það komið á þann stað að hluti af starfinu við framkvæmd þess er að verða að rútinu þar sem gagna er aflað, unnið úr þeim og þau sett fram á vefsíðu verkefnisins.

Samkvæmt samningi við sveitarfélagið Norðurþing sér Þekkingarnet Þingeyinga um gagnaöflun og framsetningu þeirra vegna pistils um sveitarfélagið í Árbók Þingeyinga. Sveitarfélagið er viðfeðmt og byggir að hluta á litlum samfélögum gömlu hreppanna Reykjahrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðahrepps og Raufarhafnarhrepps og að hluta þéttbýlissamfélaginu á Húsavík. Leitast er við að afla gagna sem víðast úr sveitarfélaginu bæði í landfræðilegum og samfélagslegum skilningi svo að sérkenni hvers hluta samfélagsins í Norðurþingi komi fram. Gagnaöflunin nær til skólastarfs, menningarstarfsemi, íþrótt- og tólmundastarfs, sjávarútvegs, landbúnaðar, veiði í ám og vötnum, rannsóknar- og þróunarstarfsemi, menntunar og hvers kyns félagsstarfs.

Í ársbyrjun var gerður samningur við Svalbarðshrepp um viðtalsrannsókn sem framkvæmd var í mars. Verkefnið var metnaðarfullt þar sem allir íbúar 18 ára og eldri voru boðaðir í viðtal, en það voru 39 sem gáfu kost á viðtali. Niðurstöður voru kynntar á málþingi í Svalbarðsskóla í lok október.

Starfsmaður ÞP á Þórshöfn hélt áfram vinnu fyrir Langanesbyggð en samstarfssamningur er við sveitarfélagið um ákveðin föst verkefni. Þar var unnið að styrkumsóknum og fjármögnun sérverkefna fyrir Langanesbyggð. Einnig smærri verkefni eins og uppfærslu upplýsinga á heimasíðu, í auglýsinga- og ferðaþjónustubæklinga, samskipti við ferðaþjónustuaðila. Vinna við fjármögnun verkefna bar góðan árangur. Samstarfi lauk 1. nóvember þar sem samningi var sagt upp af hálfu ÞP vegna breyttra aðstæðna starfsmanns sem þessu starfi sinnti. Lokaskýrslu um helstu verkefni var skilað og þakkaði sveitarstjórn vel unnin störf að því loknu.

Rannsóknaverkefni háskólanema

Sumarið 2018 voru tveir háskólanemar starfandi að verkefnum hjá ÞP, m.a. búsetugæðarannsókn og umsýslu með Cristal verkefni. Enginn styrkur fékkst frá Nýsköpunarsjóði námsmanna eða Vinnumálastofnun til að ráða nema svo fjármögnun fór fram eingöngu úr verkefnasjóði sem Þekkingarnetið heldur utan um í samstarfi við sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum.

7.3 Yfirlit verkefna á rannsóknasviði

	Verkefni	Gerð verkefnis	Samstarf	Framkvæmd	Tími
Eigin verkefni	Svæðisbundin skipulagsgerð fyrir haf- og strandsvæði næst landi; raundæmið Skjálfandaflói	Upplýsingaöflun og gagnavinnsla	Skipulagsstofnun	HEI, ÓH, BÁ	2018
	Mannfjöldaþróun á starfssvæðinu	Rannsóknar-/þróunarverkefni	Eigið verkefni	GBJ	2018
	Búsetugæði í Þingeyjarsýslu	Rannsóknarverkefni	Eigið verkefni	GBJ, HEI, ÞBM	2018
	CRISTAL	Samstarfverkefni /nám og fræðsla	NMI, HA, DORA Sicily, Lindberg&Lindberg Svíþjóð	HEI, GBJ	2018
	SPARK	Gagnavinnsla og fræðsla	Erlendir aðilar frá Danmörku, Finnlandi og Eistlandi	GBJ, ÓH	2018
	BRIDGES	Gagnavinnsla og skipulag	Erlendir aðilar frá Danmörku, Finnlandi og Rússlandi	GBJ	2018
	SUSTAIN IT	Umsóknarvinna og byrjun verkefnis, skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Spáni, Ítalíu, Írlandi, Kýpur og Íslandi.	AD, GBJ, HVG	2018
	SOLOPRENEUR	Umsóknarvinna og samskipti	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Spáni ofl.	GBJ, HVG	2018
Útseld vinna og ráðgjöf	Söguslóð um Þórshöfn, Lífið á Heiðarfjalli ofl. verkefni	Skipulag, gagnaöflun og framkvæmd í útseldri vinnu.	Langanesbyggð	GBJ	2018
	Upplýsingaöflun og ritunarvinna vegna Árbókar Þingeyinga	Útsala/ráðgjöf	Norðurþing	HEI, SP	2018
	Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar	Útsala/ráðgjöf	Landsvirkjun	HEI, ÓH, GBJ	2018

	Atvinna og nýsköpun í Svalbarðshreppi	Útsala/skipulag	Svalbarðshreppur	GBJ, BÁ, HVG	2018
Háskólanemaverke fni	Árbók Þingeyinga og Cristal	Gagnaöflun	Eigið verkefni	Selmdís Þráinsdóttir	2018
	Búsetugæðarannsókn	Gagnavinnsla	Eigið verkefni	Þóra Bryndís Másdóttir	2018

8 KYNNING

8.1 Framsögur og fyrirlestrar

Á árinu 2018 stóð Þekkingarnetið fyrir fyrirlestrum og framsögum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar stofnanir.

- Byggðaráðstefna 2018 – Ráðstefna á vegum Byggðastofnunar haldin í Stykkishólmi í október. Unnið af Grétu Bergrúnu Jóhannesdóttur
- Local resources and cultural volunteers – Lokafundur SPARK verkefnis í Helsinki, Finnlandi. Unnið af Grétu Bergrúnu Jóhannesdóttur
- Atvinnuþróun og nýsköpun í Svalbarðshreppi – Niðurstöður kynntar á málþingi í Svalbarðsskóla í október. Unnið af Grétu Bergrúnu Jóhannesdóttur.
- Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi - Framsögur fyrir sveitarstjórnarfólk í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og Norðurþingi um Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi. Unnið af Helena Eydís Ingólfssdóttir.
- NVL – alþjóðleg ráðstefna um menntun í dreifðum byggðum. „Education on the Edge“ – framsöguerindi. Reykjavík, september 2018. Unnið af Óla Halldórssyni
- Adult education infrastructure in Iceland – Framsaga fyrir hóp fagfólks frá Evrópulöndum á kynnisferð um Ísland. Október 2018. Húsavík. Unnið af Óla Halldórssyn.

Útgefið efni á vegum Þekkingarnetsins er birt á heimasíðu stofnunarinnar www.hac.is

Starfsfólk Þekkingarnetsins hélt fleiri framsögur og kynningar í héraði í tengslum við störf stofnunarinnar sem ekki eru tilgreindar hér, t.a.m. inni á vinnustöðum og í tengslum við almenna kynningu verkefna og þjónustu stofnunarinnar.

9 STARFSEMI Í MYNDUM



Mikley þekkingarsetur var opnað í Mývatnssveit haustið 2018. Myndin er tekin við opnunina.



Fjölsótt málstofa skólafólks úr Þingeyjarsýslum í tengslum við CRISTAL-Evrópuverkefnið var haldin haustið 2018, í framhald af fleiri slíkum árið 2017. Verkefninu lauk um áramót 2018/2019.



Starfsfólk
Þekkingarnetsins gerir sér
glaðan dag sumarið 2018.
Undirbúningur
gönguferðar úr
Mývatnssveit í Laxárdal.

Þekkingarsetrið Starfsemi



á Húsavík

árið 2018



Þekkingarsetrið
Pingeyinga

Miðstöð símenntunar,
háskólanáms- og rannsóknna.

Heilsársstarfsfólk þþ:

•Óli Halldórsson

MA umhverfisfræði, BA heimspeki, framh. sk. kennari
Verkefni: Forstöðumaður



•Gréta Bergún Jóhannesdóttir

MA kynjafræði, BA fjölmiðlafræði, framh. sk. kennari
Verkefni: Verkefnastjóri í rannsóknnum
Menntasetrinu Þórshöfn



•Guðrún Helga Ágústsdóttir

MA náms- og starfsráðgjöf, BA félagsráðgjöf
Verkefni: Náms- og starfsráðgjafi



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri/skólaritari frá VÍ
Verkefni: Skrifstofustjóri, afgreiðsla.



•Heiðrún Ólafsdóttir

BEd kennari
Verkefni: Verkefnastjóri í símenntun
Menntasetrinu á Þórshöfn.



•Helena Eydis Ingólfssdóttir

BEd kennari, MPA í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Verkefnastjóri



•Hilmar Valur Gunnarsson

BA í félagsráðgjöf
Verkefni: Verkefnastjóri á símenntunarsviði



•Heiða Elin Aðalsteinsdóttir

Verkefni: Húsumsjón og ræstingar,
Aðstoð við rannsóknaverkefni



•Maren Óla Hjaltadóttir

Verkefni: Ræstingar Menntasetrinu Þórshöfn



Sumarstarfsfólk þþ við rannsóknir

•Selmaís Þráinsdóttir

Nemi við HÍ
Verkefni: Almenn rannsóknavinna



•Þóra Kristín Másdóttir

Nemi við HA
Verkefni: Almenn rannsóknavinna



Náttúrustofa
Norðurlands

Rannsóknastofnun á
sviði náttúrufræða.

•Porkell Lindberg Þórarinsson

MS/BS líffræðingur
Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

BS líffræðingur
•Verkefni: Sérfræðingur
Rannsóknastofa, skýrsluvinna



•Aðalsteinn Örn Snæþórsson

MS líffræðingur, kennari
Verkefni: Sérfræðingur
Rannsóknir, fræðsla



•Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

MS Umhverfisstjórnun, BS líffræðingur,
Verkefni: Sérfræðingur,
Náttúruvemd og umhverfismál



•Yann Kolbeinsson

BS líffræðingur, MS nemi
Verkefni: Sérfræðingur,
Fuglarannsóknir og -vöktun



Háskóli Íslands

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík á sviði
sjávarspendýrafræða.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

•Marianne H. Rasmussen

PhD sjávarspendýralíffræði, cand.sc. líffræði
Verkefni: Forstöðumaður í fullu starfi



•Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

MS í viðskiptafræði, MS ferðamálafræði
Verkefni: Sérfræðingur, Rannsóknir á efnahags-
legum áhrifum ferðaþjónustu



•Charla Jean Basran

Verkefni: Phd nemi við HÍ.



Auk starfsfólks Háskóla Íslands sem greint er frá að ofan starfa ár hvert
íslenskir eða erlendir námsmenn við rannsóknir í tímabundnum störfum.



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

•Porkell Björnsson

Mjólkufræðingur
Staða: Heilbrigðisfulltrúi í Þingeyjarsýslum



Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi námsfólks í símenntun og háskólafráttámi innan veggja Þekkingarsetursins allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanir sem njóta aðstoðu og þjónustu við störf sín til skemmi tíma.